



CRUSTAL STEINEFNASPARTL - LEIÐBEININGAR



since 1894 by

STOOPEN & MEEÛS

1. LÝSING Á CRUSTAL STEINEFNASPARTLI

Crustal er fjölhæft, náttúrulegt og hágæða kalkspartli án allra plastefna. Crustal er frábær lausn til að sameina kröfur nútímans um ekta jarðefnaútlit, styrkleika og rispupól og umhverfismild áhrif. Crustal státar bæði af sannfærandi útliti og upplifun við snertingu og færir jafnvægi inn í húsið. Það er því einkar vinsælt meðal arkitekta og hönnuða sem gera miklar kröfur um styrk og náttúrulegt útlit.

Crustal hentar á veggj í þurrýmum innanhúss og er einkar auðvelt í notkun. Kalkspartlið getur gefið óteljandi útlitsmöguleika, ýmist slétta, matta eða grófa náttúrulega áferð og fæst í mörgum jarðlitum. Einungis ein umferð er sett á flötinn og ekki nauðsynlegt að spartla yfir misfellur eða fylla upp í göt, t.d. á nýsteyptum fleti. Unnt er að fá fram meiri litadýpt og lifandi litatóna með Crustal skyggingaraðferð. Mögulegt er að vinna með spartlið yfir langan tíma til að ná fram „ekta“ mineralískri áferð á veggflötinn sem spilar fallega með hvaða hönnunarstíl sem er. Crustal hentar á veggj úr steypu, veggflísar, múrsteina, málaða lóðréttu fleti, plötur (gifsplötur, vatnspolið MDF o.fl.) sem eru þéttar og fastar í sér.

Crustal má loka með yfirlagi til verndar ef óskað er.

Við mælum ávallt með að byrja með prófun: Litakerfið og litasýnishorn má sjá hjá Sérefnum (sjá vefsíðu Sérefna og www.stoopen-meeus.com).

Á YouTube (<http://www.youtube.com/user/stoopenmeeus>) er að finna mikinn fjölda fullfrágenginna verkefna og myndbanda sem sýna vinnulag við Crustal og yfirfarna. Tilvalið til að veita innblástur til framtíðarverkefna.

ATH. Crustal er kallað *Crustal Mono* þegar búið er að lita það, áður en yfirborðsefni hafa verið borin á, s.s. vörn og skyggingarefni, þ.e. *Crustal Accent*.

2. GERÐIR UNDIRLAGS

Crustal er ætlað til notkunar innanhúss á steinsteypu, gifs, flísar, eldri málaða fleti, MDF, og fleira, að því gefnu að undirlag sé nægilega fast í sér (ekki á hreyfingu), hreint og laust við ryk og feiti.

Crustal hentar ekki á gólf, votrými, mál, plast eða við.

3. UNDIRBÚNINGUR UNDIRLAGS

TÆKNILEGUR UNDIRBÚNINGUR

Þrifið óhreina fleti með Nordsjö Málartvätt og vatni. Glansandi yfirborð, t.d. flísar, skal matta með grófum sandpappír. Öll samskeyti ætti að yfirlíma fyrst með trefjastyrktum borða til að forðast sprungumyndun. Þar sem Crustal er borið á í 2-3 mm þykkri umferð að jafnaði og yfirleitt óskað eftir grófri áferð er ónauðsynlegt að slétta lítið ójafnt undirlag. Fylligeta efnisins í holur og göt er mikil. Fjarlægja ætti þó ójöfnur sem standa út úr vegg.

GRUNNIÐ

Ætíð skal grunna með hraðþornandi StucPrimer, þurrktími +/- 1 klst. Grunnurinn er borinn á undirlag fyrir CRUSTAL til að tryggja hámarksviðloðun og rétta vinnslueiginleika.



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegj 32b, 201 Kópavogj | Sími 5170404 | www.serefni.is



since 1894 by

STOOPEN & MEEÚS

4. NOTKUN Á CRUSTAL

BLÖNDUN

Crustal er afgreitt í duftformi í þremur mismunandi umbúðastærðum: 480 gr, 4 kg og 16 kg pokum í fötum. Við val á litum er oftast notað 2,5%, 5% eða 7,5% (þyngdarhlutfall miðað við þyngd Crustal þurrduftsins) af sérstöku litarefni sem eru staðlaðir litir í Crustal og Stuc Deco litakorti. Einnig má blanda litarefnunum í öðrum hlutföllum (7,5% að hámarki).

Við litun er ætíð byrjað á að leysa litarduftið upp í vatni. Bætið litarduftinu út í (+/- 0,25 l vatn á hvert kg Crustal) vatn ofan í tómri Crustal fötunni og blandið með hrærivél. Crustal kalkduftinu er síðan hrært út í litablönduna, helmingnum fyrst. Vélhrærið í um 3 mínútur og bætið svo afganginum af duftinu við og hrærið þar til blandan er orðin einsleit og mjúk. Bætið við vatni og hrærið aftur sé þess talin þörf, en það fer eftir því vinnulagi sem nota skal. Þornunartími fer eftir vatnsmagni og spartþykkt á vegg. Blandan er nothæf í margar vikur og mánuði við rétt geymsluskilyrði.

Eftir blöndun mun Crustal þykkna dálítið en má síðan nota mánuðum saman. Sé Crustal of þykkt, má endurhræra og bæta við örlitlu vatni ef þurfa þykir. Með því að breyta vatnsmagni lítillega, getur notandi stýrt vinnslutímanum og þar með möguleikum í gerð yfirborðsáferðar. Aukavatn í Crustal blöndunni hefur yfirleitt lítil eða engin áhrif á endanlegan lit.

CRUSTAL BORIÐ Á FLÖTINN

Crustal (Crustal Mono) er borið á með ryðfríum stálspaða eða bretti.

Þykkt Crustal umferðarinnar ákvarðar lengd vinnslutíma á veggnum og möguleika á gerð yfirborðáferðar. Crustal þekur að jafnaði +/- 1,5 kg/m².

Crustal er borið á í einni umferð á flest undirlög. Ekki er nauðsynlegt að bera Crustal sérlega jafnt á flötinn en það fer að sjálfsögðu eftir því hvaða áferð sóst er eftir. Hægt er að móta hana misgrófa með spaða, bretti eða áhöldum sem gera eins konar mynstur sem má svo jafna út á eftir. Með því að leika sér aðeins með efnið má fá fram skemmtilega náttúrulega áferð. Almenn getur þessi vinna gengið mjög hratt fyrir sig en hægt er að úða aðeins yfir flötinn með vatni til að lengja vinnslutímann þar til þeirri áferð er náð sem óskað er eftir.

Hæg þornun veitir rúman tíma til að vinna Crustal yfirborðið. Það er gegnumþurrt eftir 2-5 klst, eftir þykkt efnisins og aðstæðum á vinnusvæði. Accent skyggingarefni er borið á flötinn (ef vill) þegar umferðin er fullþornuð.

LÓÐRÉTT MYNSTUR

Eftir 15-30 mínútur (fer eftir vatnsmagni, þykkt umferðar og umhverfisaðstæðum) er myndað lóðrétt pensilstroku- mynstur í Crustal með Crustal Brush. Að því loknu má mýkja áferðina með málningarpensli eða strjúka létt yfir með bretti.

KROSSMYNSTUR

Eftir 15-30 mínútur (fer eftir vatnsmagni, þykkt umferðar og umhverfisaðstæðum) er myndað lóðrétt og lárétt pensilstrokumynstur í Crustal með Crustal kústi. Að því loknu, má mýkja áferðina með málningarpensli eða strjúka létt yfir með bretti.

VIÐARMYNSTUR

Eftir 15-30 mínútur (fer eftir vatnsmagni, þykkt umferðar og umhverfisaðstæðum) er myndað lóðrétt öldótt pensilstroku- mynstur í Crustal með Crustal kústi. Að því loknu má mýkja áferðina með málningarpensli eða strjúka létt yfir með bretti.



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalveg 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is



since 1894 by

STOOPEN & MEEÚS

STEINGERVINGA- OG FLEIRI MYNSTUR

Eftir 15-30 mínútur (fer eftir vatnsmagni, þykkt umferðar og umhverfisaðstæðum) er myndað lóðrétt öldótt pensilstrokumynstur í Crustal með mynstraðri rúllu eða öðru áhaldi. Að því loknu, má mýkja áferðina með málningarpensli eða strjúka létt yfir með bretti.

Áhaldið og penslunin/pússningin eftir á ákvarða yfirborðsáferðina. Þar á meðal eru til Fossil mynstur (óregluleg, gróf, djúpar holur), Earth (fíngerðari kóraláferð), Croc (krókódílahúð) o.fl.

ANNAÐ

Ýmis önnur áhöld má nota til að framkalla yfirborðáferð í Crustal.

5. CRUSTAL ACCENT SKYGGINGAREFNI BORIÐ Á

Þegar Crustal Mono er fullþornað, má bera Crustal Accent skyggingarefni á flötinn til að auka dýpt og gera hann enn líflegri.

UNDIRBÚNINGUR CRUSTAL ACCENT

Fullþornað Crustal er vætt aftur með vatni, blönduðu 0.5% CrustalDispers (fáeinir dropar/lítra vatns). Þetta má framkvæma með rúllu, pensli eða úða blöndunni.

Þetta tryggir jafna vætingu og ísog. Með þessu móti ísogast litarefnið hægar og dreifist jafnar.

CRUSTAL ACCENT BORIÐ Á

Áður en Accent er borið á skal velja litasamsetningu. Að jafnaði er auðveldara að vinna með dökkt Accent á ljósara Crustal Mono en öfugt. Auðvelt er að leika sér með blæbrigði og auka litadýptina á ljóst Crustal Mono með að nota sama Mono litarefni í Accent. Að sjálfsögðu er einnig mögulegt að bæta við Accent litum í nokkrum skrefum í því skyni að framkalla mismunandi litablæbrigði. Látið litað Accent þorna áður en annar Accent litur er borinn á.

Í fyrrgreinda 0.5% Crustal Dispers vatnslausn er bætt 1-5% litardufts, allt eftir völdum litatón og vinnulagi. Lausnin er pensluð, borin á með svampi eða úðuð á rakt Crustal Mono. Eftirmeðferð getur falist í að pensla, þerra eða strjúka yfir flötinn.

Almennt styrkist Accent liturinn við meiri núning (penslun) því þá dreifist litarefnið enn betur. Stundum getur verið auðveldara að bera Accent á í fleiri skrefum og síauknum litarstyrk í stað þess að ná fram sterkum lit í einni umferð. Látið litað Accent þorna áður en annar Accent litur er borinn á.

Endanlegur árangur kemur í ljós eftir þornun. Þar sem Accent hefur ekki enn verið fest, má enn bæta í litarstyrk eða milda að nokkru marki.

ACCENT FEST Á FLÖTINN

Eftir þornun má festa Accent litinn með því að rúlla á þunnri, jafnri umferð af Crustal Fix. Það hefur engin áhrif á endanlegt útlit. Crustal Fix myndar ekki filmu og er því ekki vörn gegn raka og blettum.

Notið sömu aðferð við að setja Crustal Fix á fleti; ef bæði er rúllað og penslað skapast litarmunur. Penslun styrkir Accent litinn.



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegí 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is



since 1894 by

STOOPEN & MEEÛS

6. VERNDARLAG BORIÐ YFIR CRUSTAL

Crustal er gleyp vara úr jarðefnum sem er þó þökkalega vatnsþolið. Sé rakaálag mikið getur verið skynsamlegt að bæta við yfirlagi á Crustal til að draga úr rakaísogi og hættu á blettamyndun.

Yfirlagið má bera á sólarhring eftir að Crustal er fullþornað. Þar sem yfirborð Crustal er á tíðum gróft er ekki alltaf unnt að loka yfirborðinu fullkomlega í einni umferð. Grófleikinn gerir einnig hreinsun flatarins eitthvað erfiðari. Sérefni mæla með þrenns konar vörn yfir Crustal og fer valið eftir álagi á flötinn. Við venjulegar heimilisaðstæður dugur að nota Decorators Varnish yfir Crustal. Gerið ætíð prufu, helst á spartlaðri plötu eða beint á vegginn á lítið áberandi stað.

DECORATORS VARNISH

Decorators Varnish er vatnsþynnanlegt nanóakrýllakk. Það er hraðþornandi, vatnsþolið, andar og hefur gott þol gagnvart blettum og núningi. Decorators Varnish dýpkar litinn lítillega og eykur gljáa smávegis. Við mælum með möttustu gerðinni (dead flat) af Decorators Varnish yfir Crustal steinefnaspartlið.

HARDWAX OIL

Stuc Hardwax Oil er upplausn í lyktarlausri terpentínu sem dekkir flötinn mikið og ver flötinn vel gegn fitu, vatni og álagi. Við ráðleggjum vaxolíuna síður á ljósari liti vegna hættu á gulnun.

STUCVERNISPU

Stuc Vernis PU er tveggja þátta vatnsþynnanlegt pólýureþanlakk og er langsterkasta yfirborðslagið fyrir Crustal. Það verndar gegn raka og flestum blettum í 1-2 umferðum, sem fer eftir grófleika yfirborðs.

Með 2ja þátta gerðinni, dýpkar Stuc Vernis PU litinn lítillega og eykur gljáa smávegis. Þetta er þó háð litnum í hverju tilviki.

7. VIÐHALD OG EFTIRMEÐFERÐ

Útlit, geta til að standast álag og viðhaldsþörf er svipuð hjá Crustal og náttúruiefnum, svo sem náttúrusteini, timbri, korki, gisi og jarðefnamúr.

CRUSTAL ÁN VERNDARLAGS

Sé verndarlag ekki til staðar dregur Crustal í sig raka. Þrífið ryk af fletinum með þurrum bursta eða ryksugun.

CRUSTAL MEÐ VERNDARLAGI

Sé verndarlag til staðar er Crustal nær fullkomlega verndað gegn raka og blettum. Þetta fer þó að nokkru eftir yfirborðsáferð, vali á verndarefni og fjölda umferða. Það má því þrifa með vatni (svampur, bursti o.fl.) og algengum hreinsiefnum.



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is



since 1894 by

STOOPEN & meeûs

8. ATHUGIÐ

Þær upplýsingar sem fram koma í þessari handbók mynda almenna vörulýsingu. Einnig eru veittar nokkrar ráðleggingar um vinnuaðferðir í samræmi við reynslu okkar. Engu að síður er hvert verkefni í raun ólíkt öðrum og meðhöndlun vörunnar getur því orðið að taka mið af því. Við mælum því með að viðskiptavinir okkar framkvæmi prófanir á litlum fleti við þær aðstæður sem eru á ætluðu vinnusvæði, áður en byrjað er á verkinu sjálfu.

Viðskiptavinir geta nálgast allar upplýsingar á vefsvæði okkar www.serefni.is eða www.stoopen-meeus.com.
Stoopen & Meeûs ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna en ekki vinnuþáttinn.



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegí 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is